



SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA 2008 - 2024

TILLAGA AÐ SVÆÐISSKIPULAGI SUÐURNESJA 2008-2024 Viðbrögð við athugasemdum

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja Nóvember 2012

Önnur gögn Svæðisskipulags Suðurnesja:

- Greinargerð Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. nóvember 2012
- Greinargerð með afgreiðslu samvinnunefndar skv. 9. gr. laga nr. 105/2006
- Umhverfisskýrsla dags. nóvember 2012
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. febrúar 2012



08182
Nóvember 2012

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	10.11.2012	SGT/ÞK	sgt	SGT



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Athugasemdir og umsagnir	2
3.	Umhverfisstofnun	2
3.1	Viðbrögð	4
4.	Landsnet	5
4.1	Viðbrögð	6
5.	Landeigendur í Vogum	6
5.1	Sæmundur Þórðarson f.h. landeiganda Stóru Vatnsleysu	6
5.1.1	<i>Viðbrögð</i>	7
5.2	Landeigendur að Heiðarlandi Vogajarða	7
5.2.1	<i>Viðbrögð Samvinnunefndar</i>	7
5.3	Sauðafell s.f., landeigandi að jörðunni Hvassahrauni	8
5.3.1	<i>Viðbrögð Samvinnunefndar</i>	8

1. Inngangur

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024, ásamt umhverfisskýrslu, var kynnt og leitað eftir athugasemdum á tímabilinu 20. júlí til 13. september 2012. Alls bárust 7 umsagnir frá lögbundnum umsagnaraðilum og 4 athugasemdir frá landeigendum. 4 umsagnir gáfu ekki tilefni til viðbragða.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir megin inntaki ábendinga og viðbrögðum samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja við þeim. Í viðauka er umsagnir og athugasemdir birtar í heild sinni.

Tekið hefur verið tillit til margvíslegra ábendinga. Áður hafði verið brugðist við ábendingum sem fram komu við kynningu á drögum að svæðisskipulaginu.

2. Athugasemdir og umsagnir

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja var auglýst í Víkurfréttum, Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu og á heimasíðum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og allra sveitarfélagana. Samvinnunefndin sendi bréf til lögbundinna umsagnaraðila með ósk um umsögn. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir og umsagnir.

[1]	Flugmálastjórn Íslands*	[7]	Sæmundur Þórðarson, landeigandi Stóru Vatnsleysu
[2]	Skipulagsstofnun*	[8]	Landeigendur að Heiðarlandi Vogajarða
[3]	Umhverfisstofnun	[9]	Hörður Einarsson, f.h. landeiganda Vogajarða
[4]	Veðurstofa Íslands*	[10]	Landeigandi að jörðunni Hvassahrauni
[5]	Vegagerðin*	[11]	Fornleifavernd ríkisins ¹
[6]	Landsnet		

* Umsögn krafðist ekki viðbragða samvinnunefndar

1 Umsögn barst eftir auglýsingatíma

Auk þess gerði Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja grein fyrir ábendingum sínum á fundi með formanni samvinnunefndar.

Eftirtaldir umsagnaraðilar sendu ekki inn umsögn um svæðisskipulagstillöguna.

Sveitarfélagið Ölfus
Siglingastofnun**
Orkustofnun
Reykjanesfólkvangur
Innanríkisráðuneytið**
Garðabær**

Ferðamálastofa
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Útanríkisráðuneyti
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja**
Hafnarfjarðarbær**

** Sendu ábendingar við drög að svæðisskipulagi

3. Umhverfisstofnun

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing annars vegar og stofnun jarðvangs hins vegar eru tvær afar ólíkar stefnur varðandi verndun náttúruminja. Að mati Umhverfisstofnunar er það mjög miður að ekki skuli stefnt að friðlýsingu samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda enda eru verndarhagsmunir enn mjög miklir á landssvæði svæðisskipulagsins að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing er ein tegund landnýtingar og telur stofnunin að hægt sé að stefna áfram að friðlýsingu þeirra svæða er um ræðir enda felur friðlýsingin í sér samkomulag milli landeigenda, sveitarfélaga og ríkisins.

Umhverfisstofnun bendir á að austasta horni skipulagssvæðisins er innan Bláfjallafólkvangs.

Háhitasvæði og orkuvinnsla

Í umfjöllun um nýtingu jarðhita kemur eftirfarandi fram: „Hröð tækniþróun er í nýtingu jarðhita og þekking á eðli hans eykst hröðum skrefum. Þessi þróun getur gert virkjun jarðhitans mögulega með sífellt minni umhverfisáhrifum auk bættrar nýtingar orkunnar. Aukin þekking stuðlar einnig að sjálfbærari nýtingu.“ Að mati Umhverfisstofnunar þurfa útskýringar að fylgja ofangreindri fullyrðingu, þar sem virkjun jarðhita á Reykjanesi hafa fylgt neikvæð umhverfisáhrif sem erfitt hefur verið að leysa úr s.s. förgun affallsvatns í Svartsengi.

Umhverfisstofnun er ekki hlynnt orkunýtingu innan Reykjanesfólkvangs og ekki hlynnt ágengri orkunýtingu á svæðum á náttúruminjasrá, sem hefur í för með sér rýrnun á verndargildi svæðanna. Stofnunin bendir einnig á að þótt að stefnt sé að á sjálfbæra nýtingu háhitasvæða, þá er nýting í Svartsengi og á Reykjanesi ágeng orkunýting.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf umgengni á virkjanasvæðum að taka mið af því að ganga vel um jarðhitasvæði og að svæðunum sé skilað til næstu kynslóða án óþarfa röskunar á jarðminjum við uppbyggingu jarðhitanýtingar.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í svæðisskipulagi Suðurnesja komi fram tímasettar áætlanir um förgun affallsvatns frá Svartsengi til framtíðar. Einnig hefur aukin yfirborðsvirkni haft mikil áhrif á hverasvæði Gunnuhvers og aðliggjandi svæði, og telur Umhverfisstofnun mikilvægt fyrir svæðið að slík röskun verði ekki umhverfis nýjar virkjanir ef til þeirra kemur.

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu svæðisskipulagsins um að nýting jarðhitaauðlindarinnar skuli vera sjálfbær og að sú stefna byggi á því að fyrir sérhvert jarðhitasvæði séu til vinnslumörk þar sem vinnsla er í jafnvægi í langan tíma (100 – 300 ár). Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þessi mörk verði skilgreind sem fyrst fyrir starfandi jarðvarmavirkjanir á svæðisskipulagssvæðinu.

Veitur

Í markmiðum um veitur og samgöngur, er eitt af markmiðunum að: „Samnýta flutningsleiðir mismunandi þjónustukerfa eins og kostur er og að tekið verði tillit til umhverfisins við afmörkun flutningsleiða.“ Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt eins og fram kemur í markmiðunum að samnýta flutningsleiðir. Stofnunin undirstrikar mikilvægi þess að línuleiðir sem nú þegar eru nýttar, verði nýttar ef/þegar raforkulínur bætast við á svæðisskipulagssvæðinu.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í greinargerð komi fram, hvert ástand sé á fráveitum í þeim sveitarfélögum sem tilheyra svæðisskipulaginu og að markmið um úrbætur séu tímasett. Umhverfisstofnun vísar til reglugerðar nr. 798 frá 1999 um kröfur um hreinsun og í reglugerðinni eru einnig kröfur um tímamörk.

Forsendur

Í kaflanum samfélag undir forsendur, kemur fram að sveitarfélögin á Suðurnesjum reki saman sorpbrennslustöðina Kólku og einnig kemur fram að þar sé 2/3 hlutum af úrgangi frá Suðurnesjum brennt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hvar og hvernig öskunni frá Kólku er fargað.

3.1 Viðbrögð samvinnunefndar

Náttúruvernd

Samvinnunefndin hefur í mótun svæðisskipulagsins lagt áherslu á frumkvæði sveitarfélaga í stefnu um landnýtingu. Stór og mikilvægur þáttur í því er að stefna að jafnvægi í verndun og nýtingu á Suðurnesjum og til þess er m.a. ætlað að nýta stefnumörkun svæðisskipulagsins og aðferðafræði jarðvanga. Nálgun svæðisskipulagsins er önnur en náttúruverndaráætlunar.

Samvinnunefndin er meðvituð um mikla verndarhagsmuni Suðurnesja og hefur m.t.t. þeirra mótað margvíslega skilmála um ákvarðanir um landnotkun. Þá ber þess að geta að svæðisskipulagið markar stefnu um verndun jarðmyndana, auk þess sem verulegar takmarkanir eru á landnotkun á stórum hluta Reykjanesskagans vegna vatnsverndar og náttúruverndar.

Samvinnunefndin hefur lagfært skýringarkort af verndarsvæðum á þann hátt að afmörkun Bláfjallafólksvangs er sýnd, ásamt því að afmörkun Reykjanesfólksvangs hefur verið leiðrétt.

Háhitasvæði og orkuvinnsla

Samvinnunefndin hefur bætt inn í greinargerð umfjöllun um það hvernig tækniþróun hefur dregið úr umhverfisáhrifum og bætt nýtingu orkunnar. Eftirfarandi texta hefur verið bætt við í kaflann Háhitasvæði og orkuvinnsla:

Fröð tækniþróun er í nýtingu jarðhita og þekking á eðli hans eykst hröðum skrefum. Tækniþróun í nýtingu jarðhita eru t.d. skáboranir sem gera það kleift að minnka rask á yfirborði. Túrbínur sem nýta betur orku úr jarðvarmanum og aukin þekking á niðurdælingu affallsvatns skilar sér til framtíðar í minni umhverfisáhrifum. Sú þekking og reynsla sem stöðugt er verið að afla á áhrifum nýtingar jarðvarmans á auðlindina er lóð á vogarskálar sjálfbærrar nýtingar til langs tíma.

Stefna svæðisskipulagsins er að meta tækifæri háhitasvæða til orkuöflunar. Nýting orkuvinnslusvæða skal vera sjálfbær og er miðað við skilgreiningu Orkustofnunar um sjálfbæra orkuvinnslu og orkunýtingu.

Samvinnunefndin bendir á að vinna við stofnun jarðvangs mun tryggja að sjónarmið mismunandi landnýtingar verði skoðuð og um flest svæðin gilda ýmsar kvaðir vegna staðsetningar innan verndarsvæða. Sá rammi sem svæðisskipulagið mótar er ætlað að tryggja að sjálfbær nýting verði á háhitasvæðum Suðurnesja. Jafnframt kveður svæðisskipulagið á um að við skipulag og nýtingu háhitasvæða verður tekið tillit til einkenna og sérstöðu náttúruminja, landslags, útivistar og ferðamennsku, og fjallað um sjónræn áhrif mannvirkja og möguleg áhrif á upplifun m.t.t. útivistar.

Varðandi ábendingar um tímasettar áætlun um förgun affallsvatns í Svartsengi er bent á að Svæðisskipulag Suðurnesja er stefnumörkun og yfirlit um aðgerðir og áherslur sem þarf að ráðast í. Skipulagið leggur ekki upp ákvörðun um einstaka framkvæmd eða tímasetur þær. Slíkum ákvörðunum er vísað til útfærslu í aðalskipulagsáætlunum og deiliskipulagsáætlunum sveitarfélaga, sem þurfa að taka mið af stefnu svæðisskipulagsins.

Að mati samvinnunefndar hafa ekki verið lögð fram gögn sem styðja fullyrðingu um ágenga vinnslu í Svartsengi og á Reykjanesi. Virkjanaleyfi eru í gildi, sem tekur á heimild virkjunaraðila til upptöku úr jarðhitageyminum. Svæðisskipulagið mun ekki hafa áhrif á

inntak eða heimildir í útgefnum leyfum, en setur hins vegar fram stefnu fyrir framtíðarvirkjanir.

Veitur

Samvinnunefndin tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar.

Fráveita

Stefna svæðisskipulagsins var sett um að skoða fráveitumálin heildstætt og leitast við að samræma áætlanir vegna atvinnusvæða og starfsemi á orkuvinnslusvæða.

Svæðisskipulagið fjallar síðan sérstaklega um fráveitu á atvinnusvæðum A, B og D.

Fráveituframkvæmdir munu því verða ákveðnar í samræmi við þróun og uppbyggingu þessara svæða. Svæðisskipulagið fjallar að öðru leyti ekki um fráveitu og á því umsögn Umhverfisstofnunar ekki við.

Forsendur

Samráðshópur á vegum Sorpu, Sorpurðunar Vesturlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpstöðvar Suðurlands er að vinna að staðarvali fyrir sameiginlegu urðunarsvæði. Svæðisskipulagið tekur ekki afstöðu á þessu stigi til förgunarsvæðis og vísar til yfirstandandi vinnu um urðunarsvæði.

4. Landsnet

1. Landsnet bendir á að á skýringarkorti mætti sýna tengingu atvinnusvæði C við meginflutningskerfi Landsnets og á að þessu stigi mætti hún vera skematísk.

Landsnet leggur til að lagnaleið vestur fyrir flugvallarsvæðið að atvinnusvæði A verði sýndar á skýringarkorti um atvinnusvæði.

2. Landsnet bendir á að í umfjöllun um mögulega orkuvinnslu verði vísað í kafla um flutningskerfi raforku.

3. Landsnet bendir á að í kafla um raforkuflutninga og beri einnig að huga að tengingum við atvinnusvæði C.

4. Landsnet bendir á að sú leið sem sýnd er frá orkuvinnslusvæði við Trölladyngju, Sandfell og Sveifluháls er ein af mörgum sem hafa verið til skoðunar. Landsnet vísar til þess að línan komi til með að liggja um verndarsvæði og ekki sé víst að hún sé styttri, hagkvæmari eða betri m.t.t. umhverfismála en aðrar leiðir.

5. Landsnet skilur stefnu svæðisskipulagsins á þann hátt að með skipulaginu sé ætlunin að skilgreina eingöngu megin lagnaleiðir í skipulaginu, en heimilt sé að tengja einstakar virkjanir og atvinnusvæði án þess að breyta þurfi svæðisskipulagi, ef niðurstaðan er að lokum sú að aðrar leiðir eru taldar betri, og svo fremi sem viðkomandi aðalskipulagsáætlunum sé breytt.

6. Umhverfisskýrsla: Varðandi niðurstöðu umhverfismats skipulagsins um að stefna um ákveðin lagnabelti er talin hafa minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en að ólík veitukerfi fari um óbrotið land. Með þessari ákvörðun er verið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem felast í mannvirkjagerð, og í umhverfismatinu er það talið veigameiri þáttur en viðbótarkostnaður sem kann að hljóta af því að fara ekki stystu leið með flutningskerfin.

Landsnet bendir á að ein af skyldum fyrirtækisins skv. raforkulögum er að byggja upp flutningskerfi á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

7. Landsnet gerir ráð fyrir ljósleiðaratengingu meðfram Suðurnesjalínu.

8. Í kafla um tengsl við aðrar áætlanir bendir Landsnet á eftirfarandi:

- ▶ Í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er gerð ráð fyrir háspennutengingu milli Svartsengis og fyrirhugaðrar virkjunar í Eldvörpum. Ekki er gerð grein fyrir þessari tengingu í Svæðisskipulagi.
- ▶ Í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar er gert ráð fyrir línuleið sem aðeins er sýnd sem möguleg línuleið í svæðisskipulagi.
- ▶ Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015

4.1

Viðbrögð

1. Samvinnunefnd hefur ákveðið að sýna mögulega lagnaleið, vestur fyrir flugvallasvæðið, á skýringarkorti atvinnu. Varðandi skýringarkort fyrir megin lagnaleiðum á Suðurnesjum ákvað samvinnunefndin að breyta því ekki á þann hátt að sýna tengingu við atvinnusvæði C. Nefndin vísar hins vegar á að tengingar við meginflutningskerfi raforku séu ekki háðar breytingum á svæðisskipulagi.
2. Samvinnunefndin hefur í kafla um Háhitasvæði og orkuvinnslu, bls. 10, vísað í kafla um Flutningskerfi raforku.
3. Samvinnunefndin hefur bætt við á bls. 18, í samræmi við aðrar tengingar við sameiginleg atvinnusvæði, að við skipulag á uppbyggingu á svæði C þurfi að huga þurfi að tengingum við svæðið.
4. Samvinnunefndin telur að ábendingin gefi ekki tilefni til viðbragða.
5. Skilningur Landsnets á stefnu svæðisskipulagsins sé réttur.
6. Samvinnunefndin telur að ábendingin gefi ekki tilefni til viðbragða. En vísar til þess að það sé hluti af aðgerðum að afla frekari upplýsinga um afleiðingar og áhrif mismunandi valkosta.
7. Samvinnunefndin telur að ljósleiðari falli undir skilmála um að samnýta lagnabelti og þurfi því ekki að gera sérstaklega grein fyrir því á skýringarkorti.
8. Svæðisskipulagið leggur fram skýringarkort fyrir meginflutningsleiðir. Tenging á milli Svartsengis og Eldvarpa fellur ekki undir það. Samvinnunefndin bendir á að tengingar við meginflutningskerfi raforku séu ekki háðar breytingum á svæðisskipulagi.

Samvinnunefndin telur að ekki sé ósamræmi á milli svæðisskipulags og aðalskipulags Sandgerðisbæjar. Í svæðisskipulaginu eru lagðar fram ákveðnar forsendur sem þurfi að skoða áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Bætt hefur verið við umhverfisskýrslu, í kaflann um tengsl við áætlanir, Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.

5. Landeigendur í Vogum

5.1 Sæmundur Þórðarson f.h. landeiganda Stóru Vatnsleysu

Svæði C, Atvinnusvæði Keilisnesi.

Svæðið nær yfir land Stóru – Vatnsleysu þar sem m.a. er íbúðabyggð sem gera þarf ráð fyrir og jafnframt að atvinnusvæðið nái suður fyrir Reykjanesbraut sem er í samræmi við hugmyndir landeigenda um uppbyggingu á svæðinu. Svæðið er skilgreint sem svæði fyrir stóriðju og orkufreka starfssemi og nær það yfir miklu stærra svæði en Aðalskipulag Voga gerir ráð fyrir. Benda má á hugmyndir sveitarfélagsins um aðra uppbyggingu á svæðinu,

sem er uppbygging matvælaíðnaðar og verður ekki séð að sú uppbygging samrýmist stóriðju.

Vatnsvernd.

Tillagan samræmist ekki Aðalskipulagi Voga en skv. því nær vatnsvernd ekki norður fyrir Reykjanesbraut í landi Stóru- Vatnsleysu og Hvassahrauns. Auk þess sem núverandi vatnsverndarsvæði sem nær alveg að Reykjanesbraut er óþarflega stórt að okkar mati og þarf að færast til suðurs.

5.1.1 Viðbrögð

Svæði C

Samvinnunefndin vísar til þess að afmörkun sameiginlegra atvinnusvæða á skýringarkorti er skematísk. Frekari afmörkun atvinnusvæða fer fram í vinnu við aðalskipulags og deiliskipulag viðkomandi svæða.

Samvinnunefndin hefur breytt lýsingu á atvinnustarfsemi svæðisins, sbr. kafla um atvinnusvæði C, bls. 4. Í stað stóriðju kemur fram í svæðisskipulaginu að:

Keilisnes er framtíðar atvinnusvæði. Þar er gert er ráð fyrir athafnastarfsemi og iðnaði. Ef þar byggist upp stóriðja verður stefnt að uppbyggingu útflutningshafnar og hafnsækinnar starfsemi, sem nýst geti Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

Í stefnu samvinnunefndar felst ekki að gera ráð fyrir atvinnustarfsemi sunnan Reykjanesbrautar. Megin ástæða þess er ákvæði um vatnsvernd og mikilvægi vatnsauðlindarinnar fyrir Suðurnesin.

Vatnsverndarsvæði

Samvinnunefndin hefur leiðrétt afmörkun á vatnsverndarsvæðum í svæðisskipulagi.

Vegna hagsmuna um vatnsvernd er ekki gert ráð fyrir að breyta afmörkun vatnsverndarsvæðis sunnan Reykjanesbrautar. Í skipulagsvinnu hefur verið fallið frá því að skilgreina svæðið sem grannsvæði, m.a. vegna ábendinga frá landeigendum. Svæðið er mikilvægt fyrir vatnsból Voga og framtíðarnýtingu grunnvatnsauðlindar. Afmörkun vatnsverndar er í samræmi við staðfest aðalskipulag Voga.

5.2 Landeigendur að Heiðarlandi Vogajarða

Áformað vatnsverndarsvæði innan landsins er að okkar áliti til mikilla muna of stórt, óþarflega stórt, enda eru engin rök færð fyrir því að leggja meginhluta landsins undir vatnsvernd. Það er álit okkar, að hið áformaða vatnsverndarsvæði sé að minnsta kosti helmingi of stórt, þótt varúðarsjónarmiða sé að fullu gætt. Er það tillaga okkar, að sá hluti landsins, sem liggur næst Reykjanesbraut (ofan brautar) verði undanskilinn vatnsvernd og verði til framtíðar ætlaður til íbúðarbyggðar og/eða sem athafnasvæði. Með tillögu þessari virðist að því stefnt, að land okkar verði gert eigendunum að mestu ónýtanlegt og að mestu leyti lagt undir opinberar kvaðir, lagnaleiðir og vatnsvernd. Ganga þessi vinnubrögð gegn öllum eðlilegum sjónarmiðum við skipulag á landi í einkaeigu, og er tillögunni því mótmælt.

5.2.1 Viðbrögð Samvinnunefndar

Vegna hagsmuna um vatnsvernd er ekki gert ráð fyrir að breyta afmörkun vatnsverndarsvæðis sunnan Reykjanesbrautar. Í skipulagsvinnu hefur verið fallið frá því að skilgreina svæðið sem grannsvæði, m.a. vegna ábendinga frá landeigendum. Svæðið er mikilvægt fyrir vatnsból Voga og framtíðarnýtingu grunnvatnsauðlindar. Afmörkun vatnsverndar er í samræmi við staðfest aðalskipulag Voga.

Við skoðun á vatnsverndarsvæðum hefur verið byggt á sérfræðiskýrslu ÍSOR, *Vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum*. Í greinargerð svæðisskipulagsins og í sérfræðiskýrslu ÍSOR kemur fram rökstuðningur fyrir afmörkun vatnsverndar á Suðurnesjum og þar með talið á svæðinu sunnan Reykjanesbrautar.

5.3 **Sauðafell s.f., landeigandi að jörðunni Hvassahrauni**

Það vatnsverndarsvæði innan Hvassahraunslands, sem tillagan gerir ráð fyrir, er að okkar mati allt of stórt. Engin rök hafa verið færð fyrir því að hafa svæðið svo stórt sem lagt er til, í rauninni er öllu landinu ætlað að fara undir vatnsvernd. Það er álit okkar, að hið áformaða vatnsverndarsvæði sé að minnsta kosti að $\frac{3}{4}$ hlutum of stórt, ekki síst þegar það er einnig haft í huga, hversu rík vatnsvernd er lögð á Vatnsleysuströndina alla. Telja verður, að draga megi til muna úr þessari kvöð til samræmi viðraunsæjar þarfir. Lagt er til, að sá hluti landsins, sem undanþeginn verður vatnsvernd samkvæmt tillögu okkar verði til framtíðar ætlaður til íbúðarbyggðar og/eða athafnasvæði.

Það er mat okkar, að með tillögunni að svæðisskipulagi virðist að því stefnt, að land okkar verði gert eigendum að mestu ónýtanlegt og að mestu leyti lagt undir opinberar kvaðir, lagnaleiðir og vatnsvernd. Teljum við þessi vinnubrögð ganga gegn öllum eðlilegum sjónarmiðum við skipulag á landi í einkaeigu, þ. á m. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, og er tillögunni því mótmælt.

5.3.1 **Viðbrögð Samvinnunefndar**

Samvinnunefndin vísar til viðbragða í kafla 5.2.1. Afmörkun vatnsverndar er í samræmi við staðfest aðalskipulag Voga 2008-2028.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Viðbrögð við athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins

29.11.2012

1 Umsögn Fornleifaverndar ríkisins

Umsögn barst frá Fornleifavernd ríkisins 23.11.2012. Athugasemda- og umsagnarfrestur við tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja rann út 13.9.2012.

Formaður samvinnunefndar um svæðisskipulagið ákvað að ráðgjafi skyldi rýna umsögn og leggja mat á það hvort og þá hvernig hún kynni að hafa áhrif á svæðisskipulagið.

Umsögn Fornleifaverndar snýr annars vegar að greinargerð og hins vegar að umhverfisskýrslu, hvoru tveggja dags. í nóvember.

Það er mat ráðgjafa að umsögn og ábendingar Fornleifaverndar séu góðar, en breyta ekki efnistökmum eða framsetningu svæðisskipulagsins, sem hefur fylgt ákveðnu ferli frá 2008. Hins vegar er rétt að bæta við ábendingum í einstökum köflum um aðgerðir s.s. vegna orkuvinnslu, línulagna og atvinnusvæða að við útfærslu í aðalskipulagi og deiliskipulagi skuli tekið tillit til fornleifa.

Ofangreindar breytingar á skipulagsgögnum eru lagfæringar og eru ekki til þess fallnar að samvinnunefnd komi saman til að fjalla um þær og samþykkja sérstaklega.

2 Umsögn um greinargerð

2.1 Umsögn um Auðlindir

Hér vantar kafla um friðlýstar fornleifar. Friðlýstar fornleifar eru fornleifar sem hefur verið friðlýst sérstaklega með þinglýsingu. Þær eru því svipaðar minjum á náttúruminjasrá.

Í 11. grein Þjóðminjalaga nr. 107/2001 stendur:

... Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda.

Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Friðlýstar fornleifar eru því skörinni hærra en en venjulegar friðaðar fornleifar sem falla undir 100 ára reglu þjóðminjalaganna (9. gr.) :

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Á Suðurnesjum eru eftirfarandi fornleifar friðlýstar og því skylt að merkja inn á skipulagskort og ætti einnig að merkja inn á kort á bls. 8, verndarsvæði: [upptalning í sveitarfélögunum á Suðurnesjum].

2.1.1 Viðbrögð

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 hefur verið unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Í 21. gr. kemur fram að svæðisskipulag er sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga.

Samvinnunefndin afmarkaði þau viðfangsefni sem svæðisskipulagið skyldi taka til, og voru þau kynnt í *Leiðarljósum og áherslum* í mars 2010. Fornminjar voru ekki hluti af viðfangsefnum.

Í 4. mgr. 21. gr. skipulagslaga kemur fram að *svæðisskipulag skuli sett fram í skipulagsgreinargerð. [. . .]. Að því marki sem tilefni er til að marka stefnu um staðbundnar ákvarðanir í svæðisskipulagi skal svæðisskipulag jafnframt sett fram á þemauppdráttum með greinargerð og/eða sérstökum skipulagsuppdrætti.*

Samvinnunefndin ákvað að svæðisskipulagið skyldi byggt á stefnumiðum og gerð yrði grein fyrir þeim í greinargerð og á skýringaruppdráttum. Af þeim sökum og því að svæðisskipulagið taki eingöngu til ákveðinna afmarkaðra viðfangsefna, sem eru talsvert færri en í aðalskipulagi sveitarfélags, var ákveðið að birta ekki skipulagsuppdrátt með svæðisskipulaginu. Þar með eru fornminjar þær sem Fornleifavernd telur upp ekki sýndar á skipulagsuppdrætti.

Í umfjöllun um forn- og menningarminjar hefur verið gerð grein fyrir mikilvægi þeirra og að þær sé víða að finna á Suðurnesjum. Varðandi minjar sem snúa að fleiri en einu sveitarfélagi eru Árnastígur og Prestastígur og eru þeir sýndir á skýringarkorti.

Það er því rétt að vísa ábendingu um kortlagningu minja til aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga hvað varðar staðsetningar og merkingar friðlýstra fornleifa á korti.

2.2 Umsögn um Flutningskerfi raforku

Í kaflanum **Flutningskerfi raforku** segir á bls. 17: “Svæðisskipulagsnefndin leggur þó fram tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði.”

Fornleifavernd ríkisins bendir á að við þessa leið eru friðlýstar fornleifar túngarðs bæjarins Kaldrana (sjá ofar undir Krýsuvík) auk annarra fornleifa. Einnig eru fjöldi fornleifar við, á og kringum Sveifluháls sem nefnd er sem önnur möguleg leið.

2.2.1 Viðbrögð

Rétt er að lagfæra greinargerð á þann hátt að við ákvörðun um lagnaleið verði tekið tillit til fornminja. Þar er rétt að benda á að í svæðisskipulaginu er um hugmynd að lagnaleið að ræða, en ekki ákvörðun um staðbundna landnotkun. Svæðisskipulagið vísar ákvörðun til síðari stiga, m.a. á þeim forsendum að eftir eigi að afla margvíslegra gagna og skoða ávinning og umhverfisáhrif valkosta. Í þeirri vinnu verður fjallað um fornminjar í samræmi við lög.

2.3 Umsögn um Samfélag

Í kaflanum **Samfélag**, bls. 32 er stuttlega minnst á búsetu- og mannvirkjaminejar. Þar er nefnt að mikilvægt sé að huga að slíkum minjum. Það er vissulega rétt en þar sem ekkert er hugað að slíku í skýrslunni þrátt fyrir að töluvert sé til af gögnum vill undirrituð benda á útgefnar skýrslur um fornleifaskráningu á Reykjanesi, flestar kostaðar af sveitarfélögunum sem eru taldar upp í fylgiskjali. Þessar skýrslur geyma aragrúa af upplýsingum um tegundir og staðsetningu þúsunda fornleifa á svæðinu sem leggja má mat á og marka stefnu um í svæðisskipulagi svæðisins. Auk þess má finna upplýsingar um menningarminjar og fornleifar í Árbókum fornleifafélagsins og Ferðafélags Íslands.

2.3.1 Viðbrögð

Í svæðisskipulagsvinnu hefur verið lögð áhersla á þau viðfangsefni sem eru sameiginleg fyrir sveitarfélögin og aðila samvinnunefndar, sbr. kafla 2.1.1. Fornminjar voru ekki hluti af afmörkuðum viðfangsefnum, en það er rétt að í greinargerð svæðisskipulagsins verði vísað til aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga hvað varðar upplýsingar um friðlýstar fornminjar.

3 Umsögn um umhverfisskýrslu

3.1 Matsvinna og forsendur mats

Bls 5. Matsvinna og forsendur mats. Hvergi kemur fram í þessum kafla eða þeim þrem töflum sem þar eru að menningarminjar hafi verið lagðar til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum skipulagsins. Á heimasíðu Skipulagsstofnunar má finna almennar leiðbeiningar um skipulagsmál. Þar segir meðal annars: Í skipulagsáætlun er gerð grein fyrir stefnu sveitarstjórnar og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, s.s. fyrirkomulagi byggðar, samgöngum og verndun **menningar-** og náttúruminja. Lýsa skal forsendum ákvarðana í skipulagi og gera grein fyrir áhrifum þeirra á umhverfið, náttúruauðindir og samfélag, m.a. með samanburði valkosta sem koma til greina. Ljóst er að ekki hefur verið gerð grein fyrir áhrifum Svæðisskipulags Suðurnesja á menningarminjar.

3.1.1 Viðbrögð

Það er rétt að ekki er gerð sérstök grein fyrir áhrifum stefnu svæðisskipulagsins á fornminjar. Almennt var litið svo á að áhrif á fornminjar væru staðbundin áhrif og aðeins mögulegt að gera grein fyrir slíkum áhrifum þegar frekari upplýsingar um framkvæmdir og útfærsla þeirra liggja fyrir.

Svæðisskipulagið er fyrst og fremst stefnumörkun og í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir helstu áhrifum hennar. Umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif eru því mjög almenn, þar sem svæðisskipulagið leggur almennt ekki fram stefnu um einstakar framkvæmdir. Því er mati á mögulegum áhrifum á fornminjar vísað á síðari skipulagsstig, s.s. aðalskipulag og deiliskipulag og/eða mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda, þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

3.2 Helstu viðmið í umhverfismati

Bls. 8. Tafla 4. Helstu viðmið í vægismati umhverfisáhrifa svæðisskipulagsins. Hér vantar: Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins og Skrá um friðlýstar fornleifar. Einnig má benda á að Húsafriðunarlög, Fenejarskráin og skrá um friðuð hús sem finna má á heimasíðu Húsafriðunarnefndar ríkisins ættu líka að vera lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum skipulags.

3.2.1 Viðbrögð

Vísað er til viðbragða vegna athugasemda við matsvinnu og forsendur mats, kafla 3.1.1.

3.3 Umhverfismat skipulagsins

bls. 11 undir kaflanum **Atvinna**, er undirkaflinn 5.1.2 fornleifar þar sem fjallað er um fornleifar á atvinnusvæðum. Einungis er sagt frá fornleifum á svæði A, ekkert er fjallað um svæði B, C og D en fornleifar er að finna á öllum þessum svæðum sem taka þarf afstöðu til áður en til framkvæmda kemur. Á bls. 12 er fjallað um niðurstöður mats á áhrifum atvinnusvæða og þar kemur aftur fram að fornleifar sé að finna á svæði A en tekið fram að ekki sé um friðlýstar fornleifar að ræða. Rétt er að benda á að allar fornleifar eru friðaðar skv. þjóðminjalögum og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Einnig vantar hér umfjöllun um svæði B, C og D.

bls. 12 kafla 5.2 Auðlindir. Hér segir að mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðapróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu. Hér vantar algerlega umfjöllun um áhrif á menningarminjar.

bls. 17. kafla 5.3 Veitur og samgöngur. Ekkert fjallað um möguleg áhrif á menningarminjar.

bls. 19. kafli 5.4 Flugvallarsvæðið. Hér er tekið fram að ekki sé um að ræða friðlýstar fornleifar á svæðinu. Bent skal á að allar fornleifar eru friðaðar skv. ákvæðum Þjóðminjalaga og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

3.3.1 Viðbrögð

Rétt er að lagfæra greinargerð svæðisskipulags og umhverfisskýrslu þess á þann hátt að taka þurfi tillit til forn- og menningarminja við einstakar framkvæmdir, s.s. vegna orkuvinnslu, línulagna og framkvæmda á sameiginlegum atvinnusvæðum.